



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

sent í umsagnagátt Alþingis

Reykjavík 30. apríl 2024

### Efni: Frumvarp til laga um Nýsköpunarsjóðinn Kríu

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (hér eftir „SA“ og „SI“ eða „**samtökin**“) vísa til tölvubréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 16. apríl 2024, þar sem umsagnar samtakanna um ofangreint frumvarp var óskað. Samtökin skiluðu inn umsögn um drög að frumvarpinu sem birt voru á samráðsgátt stjórnvalda hinn 26. janúar 2024, mál S-17/2024 og vísast til þeirra umsagna hér. Áform um sameiningu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins („NSA“) og Kríu voru jafnframt birt í samráðsgátt stjórnvalda hinn 3. nóvember 2023, mál S-220/2023, þar sem SI og Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi („SFS“) skiluðu umsögn. Með frumvarpinu er lagt til að stofnaður verði nýr sjóður, Nýsköpunarsjóðurinn Kría, sem tekur við hlutverkum, eignum og skuldbindingum bæði NSA og Kríu, sprota- og nýsköpunarsjóðs. Sjóðurinn skal vera sjálfstæður sjóður í eigu ríkisins og ber ríkissjóður ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. Samtökin styðja framgang málsins en leggja til tvær breytingar sem snúa að stjórn sjóðsins, skipan stjórnar og hæfni stjórnarmanna.

Með sameiningu NSA og Kríu er stefnt að því að fjármagn nýtist sem best til þess að styðja við nýsköpun og er það jákvætt. Að mati samtakanna getur nýr sjóður skapað aukin tækifæri og sveigjanleika í rekstrarumhverfi nýsköpunarfyrirtækja á Íslandi. Með því að sameina krafta nýsköpunarsjóða getur orðið til öflugri fjárfestinga- og styrktarsjóður sem hefur yfir að ráða sveigjanleika til þess að takast á við síbreytilegt umhverfi og fjölbreyttar þarfir. Samtökin fagna jafnframt þeirri vinnu háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, sem rakin er í greinargerð með frumvarpinu, og miðar að sameiningu og endurskoðun sjóða sem falla undir málefnasvið ráðuneytisins svo og að viðræður eigi sér nú stað um sameiningu og einföldun sjóðaumhverfis á fleiri málefnasviðum. Að þessu sögðu vilja samtökin þó koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum og áréttungum.

Við stofnun NSA var sjóðnum lagt til stofnfé af sameiginlegu eigin fé Fiskveiðasjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs. Greint er frá því í greinargerð með frumvarpi til laganna að allir stærstu sjóðirnir væru í eigu ríkisins en að iðnaður og sjávarútvegur hafi lagt sjóðunum til fé með ýmsum hætti, einkum í formi skattlagningar á viðkomandi atvinnugreinum. Ákvarðanir um þessa skattlagningu hefðu jafnan verið teknar í samráði við helstu hagsmunasamtök í viðkomandi atvinnugreinum og fulltrúar greinanna hefðu einnig haft áhrif á stefnu og starfsemi sjóðanna með setu í stjórnun þeirra. Í ljósi þessa hefði við stofnun NSA verið haft náið samráð við forsvarsmenn samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og iðnaði.

Með lögum nr. 61/1997 um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins var hagsmunasamtökum í sjávarútvegi og iðnaði tryggð áhrif við stjórnun NSA en samkvæmt 4. gr. laga nr. 61/1997 um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins skal einn stjórnarmaður Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins skipaður samkvæmt ábendingu samtaka atvinnufyrirtækja í iðnaði og einn samkvæmt ábendingu samtaka atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi og hafa samtökin tilnefnt stjórnarmenn til samræmis við ákvæðið allt frá stofnun NSA.



Bæði SI og SFS áréttuðu framangreinda forsögu og aðkomu atvinnulífsins að stofnun NSA í umsögnum sínum um áformin, mál S-220/2023. Í frumvarpsdrögum þeim sem kynnt voru á samráðsgátt stjórnvalda var gert ráð fyrir að ráðherra skipaði fimm menn í stjórn Nýsköpunarsjóðsins Kríu og af þeim skyldu tveir skipaðir samkvæmt tilnefningu SA. Í skýringum með fjórðu grein frumvarpsins var forsagan jafnframt rakin auk þess sem tekið var fram að þeir aðilar sem eiga stjórnarmann í stjórn NSA og stjórn Kríu séu helstu hagsmunaaðilar málsins, þ.e. Alþýðusamband Íslands, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, SI, matvælaráðuneytið, forsætisráðuneytið og fjármálaráðuneytið.

Í núverandi frumvarpsdrögum er hins vegar gert ráð fyrir að stjórn verði skipuð þremur mönnum og þar af skuli einn stjórnarmaður skipaður samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins. Með frumvarpinu er því dregið úr vægi atvinnulífsins í stjórn sjóðsins en fram kemur að tilgangurinn sé sá að takmarka yfirbyggingu sjóðsins. Þrátt fyrir að samtökin fagni þeim áherslum sem birtast í frumvarpinu og miða að því að takmarka yfirbyggingu og umsýslukostnað telja samtökin þó mikilvægt að tryggja að stjórnin sé skipuð öflugum fulltrúum atvinnulífsins með breiða þekkingu á nýsköpun og reynslu af störfum fyrir atvinnulífið. Telja samtökin það hafa gefið góða raun að hafa fulltrúa frá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi og Samtökum iðnaðarins í stjórn NSA.

Samtökin óttast að þriggja manna stjórn sé of lítil fyrir hinn nýja sjóð. Líta samtökin í því samhengi til þeirra miklu hagsmuna sem í húfi eru auk þess sem samtökin telja mikilvægt að stjórn sjóðsins búi yfir fjölbreyttri reynslu og að ólík sjónarmið komist að. Hætt er við því að svo fámenna stjórn skorti nægilega breiða þekkingu sem nauðsynleg er til góðrar ákvörðunartöku og verði of einsleit. Jafnframt benda samtökin á í þessu samhengi að þeir stjórnarmenn sem uppfylla almenn hæfniskilyrði 4. gr. laganna kunni að vera vanhæfir við umfjöllun fjölda mála. Þarf lítið út af bregða svo stjórn verði ekki ályktunarhæf verði hún aðeins skipuð þremur mönnum. Samtökin leggja til að stjórn sjóðsins verði skipuð fimm mönnum, þar af tveimur samkvæmt tilnefningu SA. Þá leggja samtökin einnig til að hæfniskilyrði skv. 4. gr. frumvarpsins verði útvíkkuð og taki til þess að stjórnarmaður skuli ekki skipaður sé hann líklegur til þess að teljast vanhæfur við töku ákvarðana, svo sem með því að hann sé starfsmaður sprotafyrirtækis eða fjárfestingarsjóðs, svo dæmi séu tekin.

Samtökin fagna því að brugðist hafi verið við athugasemd samtakanna um að ráðherra skipi forstjóra sjóðsins, eins og gert var ráð fyrir á fyrri stigum, en í frumvarpinu er nú gert ráð fyrir því að forstjóri nýs sjóðs verði skipaður af ráðherra að fenginni tillögu frá stjórn sjóðsins. Telja samtökin betur fara á því enda hefur stjórn eftirlit með störfum forstjóra og starfar forstjóri í umboði stjórnar.

#### Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka iðnaðarins

Sigríður Mogensen,  
sviðsstjóri

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Sigurður Helgason,  
lögmaður